

Ed.

764. Frumvarp til laga

[177. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 364 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. nemi hið minnsta 40 000 kr., þó eigi hærrí upphæð en nemur eftirstöðvum láns og verðtryggingar. Hafi lánþegi notið námsaðstoðar skv. lögum þessum skemur en fjögur ár skal árleg endurgreiðsla skv. þessari málsgrein þó ekki nema hærrí fjárhæð en 10 000 kr. vegna hvers byrjaðs námsárs sem námsaðstoð hefur verið veitt til. Upphæðir þessar skulu breytast í réttu hlutfalli við þær breytingar er verða kunna á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. Vísitala framfærslukostnaðar er nú 507 stig og miðast upphæðir í 1. og 2. málslíð þessarar málsgr. við þá vísitölu.

Hafi lánþegi haft hærrí vergar tekjur til skatts, sbr. 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. og 9. gr. laga nr. 11/1975, næsta ár á undan afborgunarári en nemur viðmiðunartekjum þess árs, sbr. 9. gr., skal hann greiða aukaafborgun skv. 3. mgr. 9. gr. auk afborgunar skv. 1. mgr. þessarar greinar. Aukaafborgunin skal þó aldrei vera svo há að samanlögð upphæð afborgunar skv. 1. mgr. og aukaafborgunar nemi meiru en 10% vergra tekna til skatts.

Við útreikning aukaafborgana skal miðað við vergar tekjur hjóna samanlagðar. Séu hjón bæði lántakar skulu þau greiða árlega hálfu endurgreiðslu skv. 1. mgr. af láni hvort um sig. Aukaafborgun skv. 2. mgr. skal að hálfu heimt til greiðslu

lána hvors þeirra. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við um sambýlisfólk sem skattlagt er skv. 1. málslíð 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

Endurgreiðslur skulu standa yfir í 20 ár hið lengsta. Eftirstöðvar lánsins eru þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr.

Ráðherra getur sett reglur er heimila stjórn Lánasjóðsins að gefa undanþágur frá endurgreiðslureglum ef sérstakar ástæður eru til. Stjórn sjóðsins er og heimilt að leyfa örari endurgreiðslur sé þess óskað.

Heimilt skal að fella niður kröfur á dánarbú látinna námsmanna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Nú kemur í ljós að námsaðstoð hefur verið veitt á röngum forsendum vegna vísitandi rangra upplýsinga af hálfu umsækjanda og skal aðstoðin þá endurkræf þegar í stað.

Við útgáfu skuldabréfs skv. 3. mgr. 7. gr. falla skuldbindingar ábyrgðarmanna skv. 3. mgr. 6. gr. niður, enda útvegi lánþegi ábyrgðaraðila, er sjóðstjórn metur gilda, fyrir hinu nýja láni og skal ábyrgð þeirra vera einföld ábyrgð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka fullnægjandi veðtryggingu í stað ábyrgðar-yfirlýsinga óski lánþegi þess.

9. gr. hljóðar svo:

Viðmiðunartekjur skv. 2. mgr. 8. gr. skulu fyrir einhleyping vera helmingur „grunntölu framfærslukostnaðar“. „Grunntala framfærslukostnaðar“ svarar í þessu sambandi til heildarútgjalda skv. A- og B-hlutum í grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar í maíbyrjun árið áður en aukaafborgun skv. 2. mgr. 8. gr. skal fara fram.

Viðmiðunartekjur hjóna svo og sambýlisfólks, sem skattlagt er skv. 1. málslíð 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975, skulu á sama hátt nema þrem fjórðu hlutum „grunntölu framfærslukostnaðar“. Að auki skal bætt við viðmiðunartekjur lánþega einum áttunda af „grunntölu framfærslukostnaðar“ fyrir hvert barn sem hann hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. l. nr. 11/1975, og eigi er fullra 16 ára í byrjun þess árs er aukaafborgun skal fara fram.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð hvaða hlutfall af vergum tekjum til skatts umfram viðmiðunartekjur lánþegi skuli greiða sem aukaafborgun, enda sé gætt þess hámarks er getur í niðurlagi 2. mgr. 8. gr. Er ráðherra heimilt að ákveða að þetta hlutfall fari stighækkandi í hlutfalli við hækkandi tekjur til skatts umfram viðmiðunartekjur.

Hverri fastri árlegri afborgun skv. 1. mgr. 8. gr. skal skipt á höfuðstól og verðbætur þannig, að upp í höfuðstól skal talin greidd jafnhá fjárhæð og nam fastri árlegri afborgun skv. 1. mgr. 8. gr., þegar skuldabréf skv. 3. mgr. 7. gr. var út gefið, en afgangur hinar föstu árlegu afborgunar (þ. e. sú hækkun sem á þeirri fjárhæð hefur orðið frá útgáfu skuldabréfs til greiðsludags) skal talinn greiðsla á verðbótum. Hverri aukaafborgun skv. 2. mgr. 8. gr., sbr. 3. mgr. þessarar gr., skal skipt í sama hlutfalli milli höfuðstóls og verðbóta og fastri árlegri afborgun hefði verið skipt á þeim tíma sem aukaafborgunin er innt af hendi.

12. gr. hljóðar svo:

Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. og 2. gr., enda verði sams konar nám ekki stundað þar sem umsækjandi á heima. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

Fé því, sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja, skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám er eigi verður stundað hérlandis.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum að dómi sjóðsstjórnar illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum styrk úr sjóðnum, enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær skv. gildandi tryggingalöggjöf.

16. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar, ákvæði um útborgun lána með jöfnum mánaðarlegum greiðslum o. s. frv.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum hliðstætt gjald og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær til sinna nota af „innritunargjaldi“. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að Lánasjóður innheimti gjald þegar útborgun námsaðstoðar fer fram.

Sjóðsstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar, þ. á m. hvað teljist „námslok“, sbr. 3. mgr. 7. gr., og skulu úthlutunarreglur sjóðsins árlega gefnar út í heild, samþykktar af ráðherra. Sjóðsstjórn setur og reglur um hvenær lánþegi skuli í síðasta lagi eiga þess kost að greiða gjaldfallið lán skv. 3. mgr. 7. gr. með skulda-
bréfi.